

Hér koma nokkur atriði sem þarf að hafa í huga þegar skoðað er með rafmagn til rafbílahleðslu.

1. Almennt gildir samkvæmt TTR að aðeins er afhent ein rafmagnsheimtaug á lóð. Þó er afhent sér heimtaug í raðhús, parhús og hliðstæð hús svo sem sér stigaganga. **Það er því alltaf síðasta úrræði Veitna að bæta við heimtaug á lóð.**

2. Veitur hafa sérstaklega veitt (tímabundið) undanþágu vegna rafbíla og afhenda viðbótarheimtaug á lóð vegna rafbílahleðslu þar sem eru fleiri en eitt húsnúmer og engin önnur leið fær að mati Veitna. Þetta á við um viðurkenndan móttökuskáp notanda á lóð nærri götuskáp Veitna eða sameiginlegan bílakjallara.

„**Sérstök ákvæði fyrir heimtaug sem eingöngu er ætluð rafbílahleðslu við fjölbýlishús.** Húsfélag getur sótt um stækkun heimtaugar eða í undantekningartilvikum viðbótarheimtaug inn á lóð eða inn fyrir vegg í bílgeymslu ef núverandi heimtaug ber að mati Veitna ekki fyrir séða rafbílahleðslu. (metið með reiknivél) Til að sporna við aflaukningu inn á lóðir geta Veitur gert kröfu um að aðrar heimtaugar á lóð verði minnkaðar á móti.

a. Ávallt skal miða við að fyrsti kostur sé að stækka núverandi heimtaug Það er síðan mat Veitna hvort heimtaug er stækkuð eða nýrri heimtaug bætt við eftir að rök um slíkt berast frá umsækjanda. Þar sem eitt húsnúmer og ein heimtaug er á lóð þurfa rök fyrir nýrri heimtaug að vera mjög sterk (mikill kostnaður) og það er sérstök undantekning að fjölga heimtaugum í slíkum tilvikum.

b. Við mat á hleðslugetu eldri heimtauga er notast við reiknivél „Hleðslugeta heimtaugar – útreikningsskjal“ og þar sem hægt er að hlaða fleiri bíla en íbúðir eru meta Veitur að heimtaug beri fyrirhugaða rafbílahleðslu sem fellur þá ekki undir ákvæðið.

Þegar um það er að ræða að heimtaug teljist bera rafbílahleðslu en aðilar vilja samt sem áður stærri heimtaug fæst hún samkvæmt verðskrá en þó aldrei stærri en viðmiðunarstærð samkvæmt töflu Veitna í hönnunarleiðbeiningum.

3. Aldrei eru samþykktar tvær heimtaugar í sama rými.

4. Veitur gera ekki athugasemd við að bílastæði úti séu fædd með rafmagni frá töflum í húsum. Hins vegar er ekki samþykkt að fæða stæði í bílahúsum frá skápum fyrir bílastæði úti. Þá er óheimilt að fæða stæði milli lóða.

5. Hönnunarleiðbeiningar Veitna eru hér. <https://www.veitur.is/radgjafar-og-honnudir> og bent er sérstaklega á bls. 8 og 9 í þessum leiðbeiningum en þessar hönnunarstærðir gilda fyrir nýjar heimtaugar.

7. Þegar um nýjar heimtaugar er að ræða gilda meginreglur TTR um eina heimtaug á lóð eða húsnúmer/stigagang. Eitt nýtt hús (eitt húsnúmer) á lóð fær því aðeins eina heimtaug þótt um sé að ræða bílakjallara.

8. Heimtaugar stærri en 200A eru afhentar úr dreifistöð.

9. Þegar um er að ræða sameiginlega lóð þurfa öll húsfélög að standa að umsókn.

10. Ef lóð er í Borgarlandi/sveitarfélagslandi þarf samþykki viðkomandi sveitarfélags.